HALLDÓR 12

PONDUS 18

LÍFIÐ 20

vís
Mættu því óvænta

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
27. TÖLUBLAÐ | 23. ÁRGANGUR | frettabladid.is | MIÐVIKUDAGUR 08. FEBRÚAR 2023

Aðstoða í Tyrklandi

Hópur sérsfræðinga á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar fór til Tyrklands í gær þar sem þau munu aðstoða við björgun eftir tvo stóra skjálfta sem urðu í Tyrklandi og Sýrlandi á mánudag. Í gærkvöldi höfðu yfir sjö þúsund látist í kjölfar skjálftanna, búast má við að sú tala hækki. SJÁ SÍÐU 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

TÍMAMÓT 16

Fimmtán ár frá Fló á skinni

MENNING 19

Fyndin og dramatísk ópera

LÍFIÐ 22

Undirmeðvitund Villibráðar

Óþrifnaður í kjúklingaiðnaði

LANDBÚNAÐUR „Kröfur á skoðun á fuglum fyrir slátrun í sláturhúsum eru ekki alltaf uppfylltar og slátrun hefst reglulega án skoðunar," segir í nýrri skýrslu Eftirlitsstofnunar ESA þar sem skoðuð voru þrjú kjúklingasláturhús og ein vinnslustöð.

Aðeins lítil hlutfall af fuglum er skoðað af eftirlitsaðilum.

Skoðunin er reglulega og gerð til að íslensk stjórnvöld og Matvælastofnun uppfylli skyldur sínar gagnvart reglum Evrópusambandsins. Í skýrslunni kemur fram að aðeins lítið hlutfall af fuglum sé skoðað af eftirlitsaðilum. SJÁ SÍÐU 4

Skatt á Facebook og Google og hluta fjárins til fjölmiðla

Ríkisstjórnin leitar leiða til að styrkja hag einkarekinna fjölmiðla. Skattur á erlendar efnisveitur ræddur til að bæta upp auglýsingatekjutap.

bth@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Lilja Alfreðsdóttir, viðskipta- og menningarráðherra, boðar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla.

Segir Lilja unnið að róttækum tillögum en málið sé á viðkvæmu stigi. Önnur hver króna sem varið er í auglýsingar hérlendis rennur nú til alþjóðlegra efnisveitna.

Lilja vill ekki upplýsa hvaða breytingar kunni að vera í vændum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er skoðað að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp um að ákveðin prósenta af auglýsingatekjum alþjóðlegra efnisveitna svo sem Google og Facebook verði skattlögð.

> Útflæðið er fyrst og fremst á þessum alþjóðlegu miðlum, Facebook og Google.

Lilja Alfreðsdóttir, viðskipta- og menningarráðherra

Hluti af skattlagningunni myndi renna í vasa einkarekinna fjölmiðla.

„Ég er ekki viss um að það leysi alfarið vanda einkarekinna fjölmiðla að taka RÚV af auglýsingamarkaði," segir Lilja. „Það myndi kannski hjálpa eitthvað, en útflæðið er fyrst og fremst á þessum alþjóðlegu miðlum, Facebook og Google."

Erlend ríki hafa sum reynt að knýja fram skattheimtu gagnvart alþjóðlegu efnisveitunum.

Fjölmiðlafólki hér árin 2018 til 2020 fækkaði um 731, yfir 40 prósent starfa þurrkuðust út. SJÁ SÍÐU 8